

Dómsmálaráðuneyti

Reykjavík, 27. febrúar 2026.

### **Athugasemdir Mannréttindastofnunar Íslands vegna fjórðu allsherjarúttektar Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttindamála**

Mannréttindastofnun Íslands lýsir ánægju sinni með hversu mörgum tilmælum sem sett voru fram í þriðju allsherjarúttekt Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttindamála á Íslandi hefur þegar verið hrint í framkvæmd eða aðgerðir hafnar til að bregðast við þeim. Þá fagnar stofnunin sérstaklega þeirri áherslu sem stýrihópur Stjórnarráðsins um mannréttindi hefur lagt á samráð við undirbúning næstu úttektar.

Þrátt fyrir almenna ánægju með gang mála eru nokkur mikilvæg tilmæli sem enn hefur ekki verið brugðist við með fullnægjandi hætti. Hér fyrir neðan má finna umfjöllun um nokkur þeirra, en Mannréttindastofnun Íslands stefnir auk þess að því að senda inn skýrslu vegna úttektarinnar.

### **Fullgilding alþjóðlegra skuldbindinga á sviði mannréttinda**

Í síðustu allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála samþykkti íslenska ríkið fjölmörg tilmæli um að fullgilda alþjóðlegar skuldbindingar á sviði mannréttinda, þar á meðal valfrjálsar bókanir við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. tilmæli 121.1-121.23. Mannréttindastofnun hvetur stjórnvöld til þess að setja þessi mál í forgang, þannig að fullgilding verði lokið eða komið í farveg áður en næsta allsherjarúttekt fer fram. Ef sú verður ekki raunin er mikilvægt að taka skýrt fram í skýrslu stjórnvalda hvort og þá hvenær fullgilding sé fyrirhuguð eða hvaða ástæður liggja að baki því að ekki sé talið rétt að fullgilda umrædda samninga eða bókanir.

### **Landsáætlun um mannréttindi**

Enn hefur ekki verið brugðist við tilmælum sem snúa að gerð landsáætlunar um mannréttindi, sbr. tilmæli 121.53-121.55 og 121.87. Megintilgangur við gerð og framkvæmd landsáætlana í mannréttindamálum er að auka þekkingu og vernd mannréttinda. Þá er þeim m.a. ætlað að hvetja stjórnvöld til að virði mannréttindi og tryggja að innlend löggjöf sé í fullu samræmi við alþjóðasamninga á sviði mannréttinda. Í Grænbók um mannréttindi, sem birt var í byrjun árs 2023,

er að finna kortlagningu á stöðu mannréttindamála og greiningu á lykilviðfangsefnum í málaflokknum. Ein af meginniðurstöðum Grænbókarinnar var að móta þyrfti heildstæða stefnu og áætlun í mannréttindamálum til að tryggja gæði í vernd og framkvæmd mannréttindamála. Mannréttindastofnun hvetur stjórnvöld til þess að hefja vinnu við gerð landsáætlunar um mannréttindi sem fyrst og er stofnunin reiðubúin til ráðgjafar og samráðs í þeirri vinnu. Ef slík vinna er ekki fyrirhuguð er mikilvægt að greina frá ástæðum þess í skýrslunni.

### **Mismunun, hatursorðræða og hatursglæpir**

Fjöldmörg tilmæli í síðustu úttekt vörðuðu baráttu gegn fordómum, mismunun, hatursorðræðu og hatursglæpum, sbr. m.a. tilmæli nr. 121.35-121.37, 121.45, 121.46, 121.92-121.100. Þrátt fyrir ýmsa þróun í jákvæða átt, svo sem breytingar á almennum hegningarlögum, fjölmiðlalögum og útvíkkun á gildissviði mismununarlöggjafar, telur Mannréttindastofnun skorta á aðgerðir og úrræði á þessu sviði. Eins og staðan er nú er til dæmis ekki til staðar heildstæð áætlun um baráttu gegn hatursorðræðu og hatursglæpum. Þingsályktunartillaga um aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023–2026 var lögð fram á 153. löggjafarþingi en náði ekki fram að ganga. Mannréttindastofnun hvetur stjórnvöld til þess að upplýsa um það í skýrslu sinni hvort fyrirhugað sé að samþykkja slíka áætlun en ella skýra hvers vegna hennar sé ekki talin þörf.

Í þessu sambandi bendir stofnunin einnig á tilmæli 121.101. um framkvæmd laga um jafna meðferð utan vinnumarkaðar nr. 85/2018 og laga um jafna meðferð á vinnumarkaði nr. 86/2018. Í úttekt og greiningu OECD á stöðu innflytjendamála hér á landi kom í ljós að afar sjaldgæft er að það reyni á umrædd lög vegna mismununar á grundvelli kynþáttar, þjóðernisuppruna eða trúar/lífsskoðana. Þá er einnig sjaldgæft að mál um mismunun á grundvelli fötlunar rati til kærunefndar jafnréttismála. Ætla verður að það megi rekja til vanþekkingar á þeim úrræðum sem eru í boði, fremur en að slík mismunun sé ekki til staðar í íslensku samfélagi. Að mati Mannréttindastofnunar er mikilvægt að stjórnvöld greini frá því í skýrslu sinni til hvaða aðgerða hefur verið gripið eða stefnt er að í þeim tilgangi að efla vitundarvakningu um löggjöfina og þau úrræði sem standa til boða meðal innflytjenda, fatlaðs fólks, stjórnvalda og almennings.

### **Jafnt aðgengi að réttinum**

Mikilvægur þáttur í vernd mannréttinda er að tryggja að allir einstaklingar hafi raunhæf tækifæri til að leita réttar síns, án mismununar af nokkru tagi. Í samræmi við það ber að tryggja aðlögun málsmeðferðar hjá dómstólum og öðrum úrskurðaraðilum, sbr. m.a. 13. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem nýlega var lögfestur hér á landi með lögum nr. 80/2025. Auk þess þarf að tryggja að til staðar sé viðeigandi stuðningur, þ á m. tulkapjónusta, fyrir

einstaklinga sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda, s.s. fatlað fólk og innflytjendur. Mannréttindastofnun hvetur stjórnvöld til að greina frá því í skýrslu sinni hvort jafnt aðgengi að réttinum sé raunverulega tryggt hér á landi og ef ekki, til hvaða ráðstafana sé stefnt að grípa að þessu leyti, sbr. m.a. tilmæli 121.112.

### Rétturinn til heilnæms umhverfis

Íslenska ríkið samþykkti einnig nokkur tilmæli um réttinn til heilnæms umhverfis og aðgerðir gegn lofslagsbreytingum, þ. á m. um að taka upp réttinn til öruggs umhverfis í stjórnarskrá og löggjöf, sbr. tilmæli 121.117-119. Mannréttindastofnun telur mikilvægt að komið verði inn á það í skýrslunni hvernig unnið hafi verið að því að tryggja rétt sérhvers einstaklings til að búa í hreinu, heilbrigðu og sjálfbæru umhverfi og því svarað með skýrum hætti hvort fyrirhugað sé að tryggja þennan rétt í stjórnarskrá eða almennum lögum.

Að lokum bendir Mannréttindastofnun Íslands á að hlutverk hennar er meðal annars að vera stjórnvöldum til ráðgjafar um eflingu og vernd mannréttinda og er stofnunin því reiðubúin í frekara samtal og samráð um skýrsluna eða önnur málefni sem varða mannréttindi með einum eða öðrum hætti.

Virðingarfyllst,



Margrét María Sigurðardóttir,  
framkvæmdastjóri Mannréttindastofnunar Íslands